



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Grænaborg

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastjóra	3
Innra og ytra mat leikskólans 2025-2026.....	4
Innra mat	4
Ytra mat.....	4
Umbótaáætlun leikskólans 2026 - 2027	6
Innra mat Sólskinsdeildar, deild elstu barna Grænuborgar	6
Umbótaáætlun Sólskinsdeildar 2026 - 2027	7
Innra mat Stjörnudeildar, deild næst elstu barna Grænuborgar	8
Umbótaáætlun Stjörnudeildar 2026 - 2027	8
Innra mat Mánadeildar, deild næst yngstu barna Grænuborgar	9
Umbótaáætlun Mánadeildar 2026 - 2027	10
Innra mat Dropadeildar, deild yngstu barna Grænuborgar	10
Umbótaáætlun Dropadeildar 2026 - 2027	11
Starfspróunarsamtöl	11
Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	11
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	12
Foreldrasamstarf	12
Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	13
Fylgiskjöl:	13



Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025 -2026 var auðvitað alveg jafn skemmtilegt og undanfarin ár. Og óhætt er að endurtaka frá seinustu starfsáætlun að lögð var áhersla á að gleði og metnaður í starfsemiinni allri væri allsráðandi og að unnið væri með ýmiskonar fjölbreytt verkefni, ný viðfangsefni innleidd og virkni allra í starfsemi Grænuborgar metin mikils. Óhætt er að segja að metnaður hafi verið auðséður í starfsmannahópnum, allir voru einbeittir í að skila góðu og gróskumiklu starfi. Það sama má segja um barnahópinn, börnin iðuðu af metnaði og kátínu allt skólaárið og tóku almennt þátt í leik og starfi af ánægju. Metnaður allra sem komu að skólastarfinu var vel sjáanlegur. Í boði voru fjölbreytt verkefni sem hæfðu þroska og áhuga hjá börnum og fullorðnum innan skólans. Áhersla var lögð á að starfað væri út frá þörfum barnanna og að það sé stýrt áfram af þeim, þau velja og hafna og aðgengi þeirra að leik- og námsefni sé opinn og sjáanlegur. Unnið var með félagsfærni, upplýsingartækni, málörvun, hreyfingu, sjálfbærni, sjálfsefningu og svo allt hitt líka. En eins og alltaf var lögð mikil áhersla á að gleðin og sjálfssprottni leikurinn væri alltaf í fyrirrúmi.

Það voru að jafnaði 76 börn í Grænuborg á hverjum tíma á skólaárinu. Á miðju skólaári, 30. janúar 2026, voru börnin í skólanum fædd frá janúar 2020 til maí 2024. Börnin voru í 4,5 til 8,5 stunda vistun, flest voru skráð í 8,0 stunda vistun eða 50% þeirra. 42% barnanna voru fjöltyngd og það voru töluð 19 tungumál í barnahópnum.

Á sama tíma, 30. janúar 2026, störfuðu 26 einstaklingar í Grænuborg, deildastarfsfólk, sérkennarar og stjórnendur. Tuttugu af þeim voru í 100% starfi, aðrir í 60 – 94% vinnu. Það voru um það bil 3,5 – 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður auk starfsmanna í undirbúnings- og veikindaafleysingu. Ekki urðu miklar breytingar á starfsmannahópnum á skólaárinu. Í starfsmannahópnum voru 10 með leyfisbréf kennara, tveir aðstoðarleikskólakennarar auk þess samanstóð starfsmannahópurinn af ýmiskonar annarri menntun.

Nokkrir utanaðkomandi nemar voru í Grænuborg á skólaárinu t.d. frá Háskóla Íslands og nemar frá Vinnuskóla Reykjavíkur. Auk þess komu margir gestir, bæði innlendir og erlendir, í styttri heimsóknir til að fræðast um og skoða skólann eða til að vera nokkra daga í skólanum í vinnuspeglun.

Deildar- og deildastjórufundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Undirbúningstímar héldust að mestu, en stundum þurfti þó að færa þá til innan vikna. Teymi sérkennara í skólanum funduðu hálfsmánaðarlega og teymi fjölmenningar fundaði mánaðarlega. Samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum skipulagsdögum.

Ýmislegt var brallað og brasað fyrir utan hefðbundna deildavinnu á skólaárinu. Deildirnar fóru í allskyns vettvangsferðir hingað og þangað um borgina og á ýmsar sýningar t.d. í Norræna húsið, í leikhús, á tónleika, í Safnahúsið, í Listasafn Reykjavíkur, í Listasafn Íslands, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, í Ásmundasafn, í bíó og margt, margt fleira. Haldin voru böll og þorablót, sungið saman í salnum, horft á leikrit og farið í Flæði (þar sem allur leikskólinn var opinn og allir gátu farið á milli deilda) svo að eitthvað sé nefnt. Auk þess tóku börnin þátt í Barnamenningarhátíð með því að syngja í Hörpu og halda sýningu í Safnahúsi á Hverfisgötu.

Við leggjum áherslu á að leikur og starf innan skólans sé metnaðarfullt en áreynslulítið og sniðið að þörfum hvers og eins, við viljum þannig draga úr óþarfa álagi sem fylgir því að vera í stórum hóp í litlu rými. Við þurfum að skapa rými og tíma til að álag á börn og starfsfólk sé lítið og vera vakandi fyrir því hvað álag er, hvað veldur álagi og hvaða tími dagsins það er sem skapar mest álag, bæði fyrir börn og fullorðna. Við ætlum að halda áfram að draga fram alla námsþætti aðalnámskrár og þætti menntastefnu Reykjavíkurborgar, þannig að öllum verði tamt að vinna samkvæmt þeim og hafi sama skilning á þeim. Við munum halda áfram að innleiða tákni með tali og taka þátt í innleiðingu Heillaspora.

Grænuborg hefur verið þátttökuleikskóli í verkefninu Íslenskuþorp fyrir foreldra leikskólabarna með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn. Formlega líkur því verkefni í skólalok, það verður metið og kynnt úti í Belgíu fyrir öðrum þátttakendum í þessu verkefni, frá Svíþjóð og Belgíu. Við höfum hug á því að halda verkefninu áfram í einhverju formi, en höfum ekki mótað það að fullu ennþá.



Að lokum langar mig enn og aftur til að hrósa starfsfólki, börnum og foreldrum barnanna í skólanum fyrir enn eitt frábært skólaár sem hefur liðið á jákvæðan hátt þar sem allflestir hafa mætt á hverjum degi með bros á vör og gleði í hjarta, tilbúin að mæta áskorunum og lærdómi dagsins, það eru snillingar á öllum göngum og í hverju horni Grænuborgar, við erum svo einstaklega heppin. Ég segi því **vel gert allir og takk fyrir líðandi skólaár, ég hlakka til þess næsta!**

Innra og ytra mat leikskólans 2025-2026

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, sérkennara-deildar- og deildastjórafundum. Þá var verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Hver deild starfaði að umbótaþáttum sem voru settir fyrir árið, auk þess sem leikskólinn í heild setti umbótaþætti til að vinna að. Hluti umbótaþáttanna náðust á árinu og aðrir ekki. Farið var yfir þessa þætti á fundum skólans, þeir kynntir fyrir öllum, hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel og hvers vegna. Margir af þessum umbótarþáttum munu fylgja okkur áfram yfir á komandi skólaár. Ekki má gleyma að nefna að börnin í leikskólanum taka þátt í að meta starf deilda á ýmsan hátt, til dæmis í umræðu, með demantamati, með stjörnugjöfum eða broskörpum.

Innra mat

Gert var óformlegt innra mat á öllum umbótaþáttum sem settir voru fyrir skólaárið. Matið fór fram á starfsmannafundum og allt starfsfólk skólans tók þátt í matinu.

Helstu þættir sem voru ræddir í þessu mati voru:

Að huga að nýtingu á rýmum skólans, hvernig hefur nýtingin verið?

Helstu niðurstöður eru þær að rýmin eru betur nýtt, en mætti samt nýta betur. Farið var yfir þá tíma þar sem rýmin voru minnst nýtt og af hverju, sú yfirferð varð til þess að deildar skólans skiptust á tímum í rýmum, það hefur reynst vel.

Að huga að menntastefnu Reykjavíkur, þekkjum við alla þætti hennar og hvernig kemur það fram í starfi skólans?

Helstu niðurstöður eru þær að starfsfólk skólans þekkja hana nokkuð vel, en nauðsynlegt að halda henni á lofti áfram og meta betur hvernig það kemur fram í starfi skólans. Hver deild er meðvituð um þættina og vinnur samkvæmt þeim. Við munum halda því áfram á næsta skólaári.

Að huga að námsþáttum aðalnámskrá leikskóla, þekkjum við alla þættina og hvernig kemur það fram í starfinu?

Helstu niðurstöður eru að flestir eru meðvitaðir um námsþætti aðalnámskrár en við þurfum að bæta í og munum halda þeirri vinnu áfram og verður það gert samhliða vinnu að nýrri skólanámskrá. Við þurfum að ígrunda betur markmið og leiðum.

Auk þess var í gangi gífurlega mikilvægt mat, símat á starfseminni allt skólaárið, í spjalli á göngunum, í litlum hópum, á starfsdögum o.s.frv. Það má alls ekki gleymast að sinna þannig símati, það skilar oft mjög miklu út í allt starfið. Þar má meðal annars nefna hluti eins og reynslu annarra, sýn annarra, hugmyndir annarra, þekking annarra og allir þessir þættir sem er miðlað á milli allra þeirra sem koma að leikskólanum, börn, starfsfólk, foreldrar, gestir, þeir sem eru að innleiða eitthvað inn í skólann og margt fleira sem hefur áhrif, sem breytir, sem lagar, sem viðheldur og fleira þess háttar.

Ytra mat

Heillaspor í Grænuborg, hver er staðan. Mat fór fram í mars 2026, það var rafrænt mat. Matið var á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Allt starfsfólk skólans fékk boð um að taka þátt í matinu



Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólk skólans er meðvitað um grundvallaratriði Heillaspora og mjög margt sem gert er í skólanum flokkast vel undir það sem Heillasporin fjalla um. Niðurstöður hafa verið nýttar til að efla þá þætti sem má bæta, vinna markvist með vörðurnar og ný gæðaviðmið sem Miðstöð menntunar og skólabjónustu hefur sett upp í sambandi við Heillasporin. Það er styrkleiki að sjá hvað það er margt í inntaki Heillaspora sem passar vel að starfi Grænuþorgar og auðveldar því innleiðinguna og festir í sessi. Það eru ýmis tækifæri sem myndast til að bæta gott starf, t.d. að allir hafi sama skilning á því sem er verið að gera og hvers vegna, markmið og leiðir í starfinu séu skýr fyrir alla.

Starfsmannakönnun framkvæmd af Gallup fyrir Sameyki og Reykjavíkurborg. Matið fór fram í nóvember 2025, það var rafrænt

Helstu niðurstöður voru í raun mjög áþekkar fyrri niðurstöðum, margt sem starfsfólk skólans er ánægt með og ýmislegt sem má bæta innan skólans. Þrátt fyrir að heildarstig væru svipuð og undanfarin ár þá lenti skólinn í lægra sæti miðað við sambærilegan fjölda starfsmanna hjá sveit og borg. Við munum nýta okkur niðurstöðurnar í að bæta enn betur gott starf á komandi skólaári. Búið er að fara í gegnum niðurstöðurnar með öllu starfsfólki skólans, þannig á að vera öllum ljóst hvað þarf helst að bæta. Styrkleikar er stór, samheldinn og fjölbreyttur starfsmannahópur sem getur átt samtal, flestir ánægðir á starfsstaðnum og tækifærin felast í því að gera enn betur og minna á að ræða það sem gott væri að bæta og breyta svo að skólabragurinn og vinnustaðurinn verði ennþá betri, það sem fékk lægstu einkunn var fólk er ekki ánægt með lýsinguna, það er reyndar búið að skipta út allri lýsingu í helmingi skólans eftir könnunina og allir ánægðir með hana, til stendur að skipta út hinum helmingnum á næsta ári.

Fagumhverfiskönnun gerð fyrir skóla- og frístundasvið í mars og apríl 2026. Könnunin var rafræn og send á allt starfsfólk skólans

Helstu niðurstöður voru þær að fagumhverfi skólans væri þó nokkuð gott, eins og að styðja við jákvæð samskipti og hegðun barna. En svo voru sumir þættir sem skólinn hefur ekki verið að leggja mikla áherslu á en má bæta, eins og að nýta stafræna tækni í starfi. Þetta verður skoðað betur á komandi skólaári. Styrkleikar samkvæmt könnuninni er að starfsfólk skólans er almennt vel upplýst og þekkir starfið vel og gott að sjá svör við því á hvaða sviðum sé þörf á starfsþróun. Tækifæri felast í því t.d. að kynna betur Betri borg fyrir börn, farsældina og lausnarteymið. Mikilvægt er að fá fleiri til að taka þátt í fagumhverfiskönnuninni.

Íslenskuspjall í Grænuþorg, gerð var könnun á meðal starfsmanna í maí, rafrænt og öllum boðin þátttaka. Könnunin var framkvæmd af þeim sem leiddu íslenskuspjallið. Auk þess var gerð könnun á meðal þátttakenda. Það var gert með rýnisamtali við nokkra af þeim foreldrum sem höfðu mætt í spjallið yfir skólaárið, innleiðingarteymið frá Grænuþorg og þrjá starfsmenn í skólanum sem ekki voru í innleiðingarteyminu

Niðurstöður er ekki allar komnar í hús, en þær verða kynntar í Belgíu í júní. Af þeim niður stöðum sem eru komnar var þar helst að flestir sögðust hugsa miklu meira eða aðeins mera um að eiga samskipti við erlenda foreldra á íslensku og að samskiptin voru auðveldari og margt fleira sem gott er að rýna áfram. Óvíst er á þessari stundu hvort og þá hvernig verkefnið haldi áfram í Grænuþorg, flestir sjá gagnsemi þess, en ef til vill verður það með aðeins öðru sniði á næsta skólaári. Þeir sem komu verkefninu af stað í Grænuþorg, Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, aðjúnkt og verkefnastjóri Íslenskuþorpsins HÍ og Ingibjörg Stefánsdóttir, íslenskukennari, hafa lokið sýnum hluta í þessu verkefni.



Umbótaáætlun leikskólans 2026 - 2027

Það eru ýmsir þættir sem við viljum setja inn í fyrir næsta skólaár, flest þeirra eru á ábyrgð alls starfsfólks skólans, sumt á ábyrgð deildastjóra og annað á ábyrgð annara stjórnenda, sumt verður unnið í hópum þar sem fólk getur boðið sig fram í ákveðna hóp. Hérna eru nokkrir af þeim þáttum sem eru í umbótaáætlun skólans:

Mat barna á leikefni og öðru í námsumhverfinu

Við viljum heyra raddir barnanna varðrandi það sem er í boði á hverjum tíma. Við þurfum að skapa aðstæður þar sem raddir þeirra heyrast, ekki bara einu sinna á skólaárinu heldur jafnt yfir skólaárið. Við munum skipa í hóp starfsfólks sem fer yfir þennan þátt, hvað viljum við, hverju á það að skila, hvenær og hvernig fer það fram. Við munum vinna að þessu jafnt og þétt yfir skólaárið, en áætlum að byrja í september. Við vonumst til að hafa einhver viðmið vorið 2027.

Vellíðan barna í Grænuborg

Hvernig getum við tryggt vellíðan allra barnanna, hvað þurfum við að gera á deildum skólans til að tryggja það að öllum börnum líði vel, hvernig mælum við eða sjáum það. Þessi þáttur fellur að heillasporavinnu skólans. Við munum vinna með þennan þátt í hópum og almennu spjalli, jafnt yfir skólaárið.

Heillaspor

Áframhaldandi innleiðing á vörðum Heillaspora og vinnu með gæðaviðmiðin. Þetta verkefni hefur verið í innleiðingu og muna vera það næstu árin. Verkefnið er metið jafn óðum í skólanum og af Miðstöð menntunnar og skólaþjónustu. Við vonumst til þess að í lok skólaárs verði flestir vel meðvitaðir um hvað heillasporin snúast og hafi sama skilning á því hvað þurfi að gera til þess að þau séu sjáanleg í öllu starfi skólans. Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið, innleiðingarteymið ber ábyrgð á vinnunni.

Unnið verður að því að endurgera bæði skólanámskrá Grænuborgar og læsisstefnu

Kominn er tími á að endurnýja þetta tvennt og gera á því umbætur miðað við endurbætur á aðalnámsskrá Leikskóla frá Menntamálaráðuneytisinu. Það verður gert á nýju skólaári og stefnt er að því að klára bæði fyrir árslok. Unnið verður í hópum og mun allt starfsfólk skólans koma að þeirri vinnu. Stjórnendateymi skólans ber ábyrgð á verkinu.

Innra mat Sólskinsdeildar, deild elstu barna Grænuborgar

Styrkleikar

Á Sólskinsdeild starfar samheldinn hópur með mikla reynslu og margra ára samstarf að baki. Sem kennarar leggjum við áherslu á að gefa börnunum frelsi til leiks, sjálfstæðis og ábyrgðar. Traust, samvinna og reynsla eru okkar helstu styrkleikar sem skapar hlýlegt og jákvætt umhverfi fyrir hvert barn.

Tækifæri

Við munum halda áfram að vinna með félagsfærni og sjálfsefningu barnanna. Nýta reynslu okkar og þekkingu og bæta við hana. Við ætlum að efla okkur í að nota tákni með tali og nota tákni þegar við tölum við börnin og hvert annað. Börn og kennarar fá sitt tákni. Einnig stefnum við að því að efla íslenskukunnáttu fjölbreytdu barnanna okkar og passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.



Umbótaáætlun Sólskinsdeildar 2026 - 2027

Sólskinsdeild, deild elstu barna í Græ nuborg	
Umbótaþáttur	Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna og einnig að passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Allt starfsfólk deildar sé meðvitað um það að setja orð á alla hluti, notumst við myndrænt dagskiplag, sögur sagðar, mikið sungið og farið með kvæði og ljóð og einnig er mikilvægt að nota opnar spurningar í samtölum við börnin. Allir gera eins vel og þeir geta í þessum efnum. Auk ofan talinna atriða má nefna málörvunarstundir, Lubba, ritmál, stafur/hljóð vikunnar, notast við rím og klapp o.m.fl. Notum „Gefðu 10!“. Höfum skráningu sýnilega og erum dugleg að minna hvert annað á.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026 – 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Förum yfir hvernig gangi á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur. Og viðmið um árangur er þegar að við sjáum að börnin nota setningar með sífellt fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku.

Sólskinsdeild, deild elstu barna í Græ nuborg	
Umbótaþáttur	Að efla notkun á tákni með tali með börnum og starfsfólki deildarinnar.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að börn og starfsfólk læri og temji sér að nota tákni með tali í öllu starfi deildarinnar
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Notum heimasíðu TMT orð/tákni með tali vikunnar. Lærum tákni og notum þau þegar við tölum við börnin, hvert annað, t.d. í leik, við matarborðið, í fataklefanum og les- og söngstundum. Börn og starfsfólk fái sitt tákni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026 – 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Farið yfir notkun TMT á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur. Og viðmið um árangur sjáum við á því að starfsfólki og börnum sé orðið tamt að nota TMT samhliða íslenskunni í leik og starfi.

Sólskinsdeild, deild elstu barna í Græ nuborg	
Umbótaþáttur	Félagsfærni og sjálfsefning.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin til að gera allt sjálf og nýta styrkleika sína.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026 – 2027.



Hvenær og hvernig á að meta?	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir árið. Sem viðmið um árangur sjáum við á því að börnum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi. Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd. Að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.
------------------------------	--

Innra mat Stjörnudeildar, deild næst elstu barna Grænuborgar

Styrkleikar

Með reynslumikið starfsfólk gekk vetrarstarfið mjög vel, umhverfi og andi deildar endurspeglar gildi skólans – Gleði, vinsemd, virðingu og umhyggju.

Á Stjörnudeild fær leikurinn eins mikið rými og mögulegt er, enda besta kennslutækið.

Þannig gekk vel að vinna eftir einkunnarorðum deildarinnar; sjálfstæði – jákvæðni – vinátta og markmið deildarinnar náðust; að börnunum líði vel í skólanum, yrðu sjálfstæð og sjálfsörugg og elfdust félagslega. Að kenna í gegnum leikinn virkar vel og börnin stjórnuðu sjálf áherslum okkar í námi, við byggðum námið á því að nýta styrkleika þeirra og áhugasvið til að efla þau þar sem þurfti, sem einstaklinga og vini.

Upplifunar/ævintýraferðir Stjörnudeildar voru farnar næstum í hverri viku og þar var tækifæri til að kenna mikið og læra mikið. Börnin nutu ferðanna og lærðu eitthvað nýtt í hverri þeirra. Í hverri heimsókn fengu þau hrós fyrir að vera flottir gestir, áhugasöm, fróðleiksfús, forvitin og kurteis. Við unnum svo með ferðirnar í skólanum, í sköpun, tónlist, samtölum og leik.

Samstarf Stjörnudeildar við Listasafn Íslands og Reykjavíkur er dýrmætt og njóta öll góðs af þeirri vinnu.

Tækifæri

Næsta starfsár verður nýr deildarstjóri á Stjörnudeild og því fylgja auðvitað fjölmörg tækifæri en um leið margar áskoranir.

Það mun verið haldið áfram að vinna að innleiðingu Heillaspora og aðlögun á vinnulagi deildar eftir völdum vörðum til að stuðla áfram að vellíðan, þroska og öryggi barnanna og að starfsfólki deildar líði vel og að foreldrar upplifi börnin sín örugg og sæl.

Umbótaáætlun Stjörnudeildar 2026 - 2027

Stjörnudeild, deild næst elstu barna í Grænuborg	
Umbótapáttur	Félagsfærni og sjálfsefning – Menntastefna
Tækifæri til umbóta	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, séu örugg og sjálfstæð - Að vinasambönd styrkist, börnin séu örugg og glöð, uni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskiptavandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 - ágúst 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfundum, viðtöl við börnin



Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hópurnir sé í jafnvægi, vinatengsl góð og einstaklingar sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Þekki inn á tilfinningar sínar og skoðanir og óhrædd við að tjá sig.
---	---

Stjórndeild, deild næst elstu barna í Grænuborg	
Umbótaþáttur	Innleiðing Heillaspora í Grænuborg. Vinna með vörður sem innleiðingarteymi velur
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að öll séu meðvituð um Heillaspor, tilgang og þýðingu. Bæta starf deildar og líðan allra með vinnunni.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Með leiðsögn teymis og samvinnu deildar. Notum tæki og töl og allskyns mælitæki á nám, þroska og líðan til þess.
Ábyrgð	Deildarstjóri í samvinnu við innleiðingarteymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 - ágúst 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir og hópavinnu á samstarfsdögum. Samtal og rýnihópar, verkefnavinna.
Viðmið um árangur - Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að við sjáum að vörðum sé náð með þeim mælingum sem eru notaðar. Að starfsfólk, foreldrar og gestir skólans sjái Heillasporin.

Innra mat Mánadeildar, deild næst yngstu barna Grænuborgar

Á deildinni voru 17 börn og fjórir kennarar yfir veturinn. Eitt barn hætti um áramót og nýtt kom í maí. Deildarstjóri fór í fæðingarorlof í maí og tók tímabundinn staðgengill við í 50% stöðu til sumarlokunar. Aðlögun gekk vel; meirihluti barnanna kom frá yngstu deild. Áherslur vetrarins voru á félagsfærni og leikfærni.

Rými deildarinnar voru markvisst nýtt til leiks. Börnin höfðu aðgang að fjölbreyttum efniviði í þeirra hæð og gátu valið sér viðfangsefni sjálf.

Í vor var farið í vikulegar gönguferðir með það markmið að efla hópöngu og tengsl við nærumhverfið. Leikið var á opnum svæðum á borð við Hljómskálagarð, Klambatún og nærliggjandi leikvelli.

Í apríl hófst verkefni þar sem valið var tré í nágrenninu til reglulegra heimsóknar og athugana á breytingum þess og umhverfi.

Styrkleikar

Skólaárið var nýtt vel til að miðla fjölbreyttri þekkingu og nýttist þá hæfni starfsfólks vel til að skapa fjölbreytt og innihaldsríkt starf.

Börnin fengu að takast á við þrautabrotir í sal, tóku þátt í skapandi verkefnum úr ýmsum efnivið og höfðu rými til ímyndunarleiks án efniviðar þegar það átti við.

Aðgangur að litum og blöðum var stöðugur og mikið var teiknað yfir veturinn.

Mikill bókaáhugi einkenndi hópinn og voru lestursstundir nýttar sem gæðastundir sem drógu fleiri börn að.

Tækifæri

Nýta betur listasmiðjuna, bæði fyrir langvinn verkefni og frjálsan leik, til að minnka hópastærð, draga úr áreiti og efla skapandi vinnu.

Festa í sessi skipulagðar samveru- og lesstundir um hádegisbil; tryggja að allir kennarar taki virkan þátt og geri stundirnar fróðlegar og áhugaverðar.

Virkja markvissari notkun samverukassa með verkefnum og leikjum til að styrkja þekkingu barnanna og auka fjölbreytni í samverustundum.



Skýra verkaskiptingu og vaktaplön á deildinni til að tryggja jafnræði og gagnsæi í verkefnum fyrir næsta vetur.

Umbótaáætlun Mánadeildar 2026 - 2027

Mánadeild, deild næst yngstu barna í Grænuborg		
Umbótabáttur	Innleiðing Heillaspora	Að efla málörvun fyrir öll börn óháð málþroska og færni í íslensku
Tækifæri til umbóta	Að byggja upp umhyggjusamt og stuðningsríkt umhverfi fyrir alla í skólanum (kennara og börn) sem gerir öllum kleift að vaxa og dafna í rólegu, þægilegu og traustu skólaumhverfi	Bæta orðaforða allra barna og styrkja íslensku fyrir þá sem það þurfa. Hafa skemmtileg verkefni haldbær til að hvetja til tjáningar og efla skilning og hljóðkerfisvitund.
Aðgerðir til umbóta - hvernig á að framkvæma	Vinna með eina vörðu í einu. Kafa djúpt í hana og samræma okkur líka við það sem aðrar deildir eru að gera. Læra af hvert öðru. Lengi má gott bæta. Hafa meira sýnilegt það sem við erum að gera	Skipta hópnum niður í samverustundum eftir færni í íslensku og málþroska. Hafa færni- og aldursmiðað efni og bækur við höndina til að efla málþroska allra barna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Lesa fyrir lítinn hóp barna í einu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 og áframhaldandi	Haut 2026 og áframhaldandi
Hvenær og hvernig á að meta, hvaða aðferðir á að nota?	Deildarfundir og starfsmannafundir, vinna í samvinnu við innleiðingarteymi heillaspora	Rætt reglulega á deildarfundum. Tekin staðan á málþroska þeirra barna sem verið er að fylgjast sérstaklega með.

Innra mat Dropadeildar, deild yngstu barna Grænuborgar

Á Dropadeild veturinn 2025 - 2026 voru 15 börn og 4 kennarar í fullu starfi auk sérkennara.

Barnahópurinn kom nokkuð hratt inn í aðlögun í ágúst og september og var allri aðlögun lokið í lok september.

Áherslur í starfinu voru nokkuð aldursmiðaðar en við unnum að sjálfshjálpi, valdeflingu barnanna og unnum mikið með hæglæti. Dagskipulagið var nokkuð flæðandi og sjálfsprottna leiknum gefinn mikill tími og mikið rými en það var einmitt eitt af markmiðum okkar í umbótaáætluninni fyrir þetta skólaár. Þegar fór að vora og útifatnaður að léttast lögðum við enn frekari áherslu á sjálfshjálpi barnanna í fataklefanum.

Ánægjulegt var að sjá hversu vel barnahópurinn undi sér í sjálfsprottna leiknum og snemma vors var hlutverkaleikur og ímyndunarleikur kominn á fulla ferð hjá flestum og voru þau í hlutverkum tengdum Línu langsokk, lögreglumönnum og slökkviliðsmönnum ásamt helstu hlutverkum úr nærumhverfinu. Við gættum þess að vera gagnrýnn á leikefnið sem var í boði og að efniviðurinn væri opinn og ýtti enn frekar undir ímyndunar- og hlutverkaleik barnanna.

Við unnum með ljós og skugga um veturinn og nýttum okkar nærumhverfi í vettvangsferðir tengdu því þema þegar við fórum í vettvangsferðir í Listasafn Einars Jónssonar eða Styttugarðinn.

Okkar helstu styrkleikar voru meðal annars gott teymi starfsfólks sem vann vel saman og vann að sömu áherslum í starfi. Við nýttum vel rými deildarinnar og reyndum að skipta barnahópnum á milli rýma til að minnka áreiti og gefa börnunum frekari tækifæri til að dýpka leikinn. Leikurinn var í hávegum hafður og alltaf rými fyrir sjálfsprottna leikinn.



Tækifæri

Við tileinkum okkur orðatiltækið "lengi má gott bæta" og viljum alltaf reyna að gera betur. Við sjáum enn frekari tækifæri til að stuðla meira að hæglæti í starfi deildarinnar og gefa rýmri tíma í fataherberginu til að efla sjálfshjálpi barnanna. Við nýttum rými skólans eins vel og við gátum og gætum þess að skiptast á, t.d. að ekki fóru öll börn í salinn í einu þá daga sem við áttum salinn eða önnur sameiginleg svæði. Við viljum halda áfram að minnka hópana og draga úr áreiti. Einnig langar okkur alltaf til að gera enn betur varðandi vettvangsferðir og stefnum að því að reyna að fara í fleiri næsta vetur.

Umbótaáætlun Dropadeildar 2026 - 2027

Dropadeild, deild yngstu barna Grænuborgar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla og styðja við þátttöku barnanna í sjálfspröttum leik.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Veita mikið rými sjálfspröttins leiks þar sem börnin læra í gegnum leikinn og efla félagsleg tengsl sín á milli.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Vera dugleg að skipta hópnum upp í smærri hópa og nýta rýmin okkar vel.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 til vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum um hvernig tekst til og hvað megi gera betur.

Dropadeild, deild yngstu barna í Grænuborg	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla sjálfshjálpi barnanna.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Efla færni barnanna að gera sjálf.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Að við gefum okkur m.a., t.d. í fataherberginu l að börnin fái tækifæri að reyna að gera sjálf.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 til vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum um hvernig tekst til og hvað megi gera betur.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Þetta skólaár voru þau í maí 2026, leikskólastjóri hélt utan um, öllu starfsfólki er boðið í samtal og mættu allflestir í þau.

Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Búið er að ákveða hvaða fræðslu er stefnt á fyrir allan starfshópinn á starfsdögum, verið er að leggja lokahönd á það í samtali við fyrirlesara. Auk þess sem leikskólinn stefnir á námsferð í lok apríl, ekki er búið að fullmóta hana, það er í vinnslu.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á líðandi skólaári, þar má til að mynda nefna:

Hvaða námskeið og haldið af hverjum	Hverjir sóttu
ADHD í leikskólastarfi, ADHD samtökin sáu um	3 starfsmenn skólans
Eccera ágúst 2025	Einn deildarstjóri
Farsældardagar, haldið af Reykjavíkurborg	Leikskólastjóri
Fjöláfalla og tengslavandi, EHÍ	2 sérkennarar



Frá tabú í traust, verkefnastjóri Jafnréttisskólans SFS	Allflest starfsfólk skólans
Hlutverk kennara í leik barna, hæglaeti í skólafarar, Anna Gréta Guðmundsdóttir	Allt starfsfólk skólans
Hvað er skóli, Endurmennt HÍ	Einn deildarstjóri
Kynferðisofbeldi gegn börnum, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, -Barnaheill	Allt starfsfólk skólans
Lærdómssamfélag fjölmenningarkennara, Skóla- og frístundasvið stýrði	Verkefnastjóri fjölmenningar
Lærdómssamfélag sérkennslustjóra, Skóla- og frístundasvið sá um	Sérkennslustjóri
Málþing, Einstök börn	Sérkennslustjóri og 1 sérkennari
Nám í leikskólakennarafræðum við HÍ og HA	Tveir starfsmenn
Námskeiðsdagur í Heillasporum, Miðstöð menntunnar og skólalþjónustu sá um	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri
Pecs námskeið, framhaldsnámskeið, haldið af Sigrúnu Kristjánsdóttir	Einn sérkennari skólans
Stjórnendafræðsla fyrir deildarstjóra, SFS sá um	3 deildastjórar
Torgið, mörg og margvísleg námskeið	Allt starfsfólk skólans
VB mapping, Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins	Sérkennslustjóri og 1 sérkennari
Viðverustjórnun, SFS	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri
Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar Ríkisins	Sérkennslufólk skólans og verkefnastj. fjölmenningar
Ýmsir fyrirlestrar frá Menntavísindasviði HA á degi leikskólans	Flest starfsfólk skólans

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Græ naborg hefur verið í samstarfi við Austurbæjarskóla og Draumaland, frístundaheimili, undanfarið ár. Samstarfið hefur verið með þeim hætti að elstu börn Græ nuborgar og 1. bekkur Austurbæjarskóla hafa farið í heimsóknir sín á milli. Til dæmis hafa skólarnir unnið að sameiginlegu þema og verið með uppskeruhátíð – myndlistarsýningu og söng. Austurbæjarskóli og frístund býður elstu börnum Græ nuborgar í formlega heimsókn í maí, til að skoða skólann og hitta tilvonandi kennara þeirra. Græ naborg skilar til grunnskólans upplýsingum um börn sem fara á milli skólástiga.

Við gerum ráð fyrir svipuðu samstarfi á komandi skólaári, en ekki hefur verið fundað ennþá varðandi það og ekki komnar dagsetningar og tími. Samstarfið er á ábyrgð stjórnenda og kennara skólanna.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamvinna á skólaárinu verður með líku sniði og verið hefur undanfarin ár. Boðið verður upp á kynningu fyrir foreldra á hverri deild fyrir sig seinnipartinn í september og boðið verður upp á tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu, í nóvember og í apríl.

Samvinna við foreldrana fer mest fram dags daglega þegar foreldrar koma með og sækja börnin. Foreldrar fá pósta frá deildum, um það bil vikulega, um það sem stendur til að gera eða hvað deildin hefur verið að gera. Myndir af deildarstarfinu eru settar inn á Völu. Af og til er foreldrum boðið að koma í heimsóknir í skólann, fá sér kaffi eða graut. Okkur finnst mikilvægt að eiga gott og náið samband við foreldra barnanna og leggjum áherslu á að koma upplýsingum til þeirra og fá upplýsingar frá þeim.

Í skólanum starfar foreldrafélag, í stjórn þess eru foreldrar, auk fulltrúa frá skólanum. Stjórnin fundar um það bil mánaðarlega. Þau rukka foreldra um gjald tvisvar yfir árið, sá peningur er notaður til að fjármagna viðburði sem eru til hliðar við hefðbundið skólafarar. Stjórn foreldrafélagsins kom meðal annars að skipulagningu á Hrekkjavökupartýi og sveitaferðar. Kosið er í stjórn á aðalfundi, sem fer fram í lok september eða byrjun október, árlega.

Samkvæmt lögum starfar líka foreldraráð í skólanum, ráðið hittist eftir þörfum.

Við stefnum að því að varðveita og halda í það góða og mikilvæga samstarf sem við höfum átt við foreldra barna í skólanum.



Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Eftirtalda daga verður lokað í Grænuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga. **Birt með fyrirvara um breytingar:**

24. ágúst 2026, mánudagur

30. september 2026, miðvikudagur, sameiginlegur dagur í skólum í vesturbæ, miðbæ, hlíðum

5. febrúar 2027, föstudagur, sameiginlegur dagur í skólum í vesturbæ, miðbæ, hlíðum

21. apríl miðvikudagur

23. apríl föstudagur

27. apríl 2027, fimmtudagur, sameiginlegur dagur í skólum í vesturbæ, miðbæ, hlíðum

Vetrarfrí verður mánudaginn 22. febrúar 2027, þann dag er leikskólinn lokaður.

Skráningardagar eru þeir dagar sem öll börn í skólanum eru skráð í frí, en hægt er að sækja um viðveru fyrir börnin þá daga, það er gert í Völunni.

Sækja þarf um viðveru fyrir 30. september 2026 vegna haustannar og fyrir 30. janúar 2027 vegna vorannar. Eftirtalda daga verða skráningardagar skólaárið 2026 – 2027:

Fimmtudaginn 22., föstudaginn 23., og mánudaginn 26. október 2026

Mánudaginn 28., þriðjudaginn 29. og miðvikudaginn 30. desember 2026

Þriðjudaginn 23. febrúar 2027

Mánudaginn 22., þriðjudaginn 23. og miðvikudaginn 24. mars 2027

Fyrir hönd Grænuborgar

Gerður Sif Hauksdóttir, leikskólastjóri

Júní 2026

Fylgiskjöl:

Mat barna á sólskinsdeild

Skóladagatal

Umsögn foreldraráðs